

2326. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn föstudaginn 21. febrúar 2025 og hófst kl. 15:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Guðmundur Hafþórsson
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Jón Sigurður Pétursson
Jón Rúnar Halldórsson
Pálmi Haraldsson
Sigrún Ríkharðsdóttir
Tinna Hrund Hlynsdóttir
Trausti Hjaltason
Unnar Stefán Sigurðsson
Þorkell Máni Pétursson
Þorsteinn Haukur Harðarson

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Ómar Smáráson samskiptastjóri sem ritaði fundargerð

Á Teams:

(enginn)

Forföll:

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Orri Vignir Hlöðversson
Sveinn Gíslason
Tryggvi Gunnarsson

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
 - a. Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2325). Fundargerðin hefur þegar verið undirrituð rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda lagðar fram og fréttir af vettvangi ÍTF
 - a. Lögð fram fundargerð frá síðasta fundi knattspyrnu- og þróunarnefndar (10. febrúar).
 - b. Lögð fram fundargerð frá síðasta fundi dómaranefndar (11. febrúar).
 - c. Jón Rúnar Halldórsson fráfarandi varaformaður ÍTF greindi frá nýjustu fréttum af vettvangi samtakanna, m.a. nýlegum aðalfundi þar sem ný stjórn ÍTF var kjörin. Þá kom Jón á framfæri athugasemd við ritun síðustu fundargerðar.
3. Lög og reglugerðir
 - a. Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri fjallaði um tillögu laga- og leikreglanefndar að breytingu á leyfisreglugerð, grein 33 um leikvang og keppnisvöll félags á Íslandsmóti og í Evrópukeppni. Stjórnarmenn ræddu tillöguna og útfærsluna. *Stjórn samþykkti tillöguna með breytingum.*
4. Skýrslur frá landshlutafulltrúum
 - a. Trausti Hjaltason (Suðurland) fór yfir ýmis mannvirkjamál, greindi m.a. frá því að

samþykkt hafi verið að setja hitalagnir undir gervigrasið sem er verið að leggja á Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum. Þá kom Trausti á framfæri ábendingu frá félögum og foreldrum ungra leikmanna sem valdir hafa verið í Hæfileikamótun, varðandi æfingar fyrir hádegi á virkum dögum, um hvort sé möguleiki á að skipuleggja æfingarnar um helgar eða a.m.k. eftir hádegi á virkum dögum, til að auðvelda og einfalda ferðalög. Stjórnarmenn ræddu almennt mikilvægi þess að þjálfarar frá KSÍ heimsæki félög á landsbyggðinni reglulega og tryggi að ákveðin landsvæði verði ekki út undan. Guðmundur Hafþórsson (Austurland) tók undir með Trausta varðandi dagsetningar og tímasetningar í Hæfileikamótun. Þá sagði hann frá heimsókn formanns KSÍ og leyfisstjóra KSÍ á Austurland þar sem þeir heimsóttu félög og skoðuðu mannvirki á svæðinu, m.a. nýjan gervigrasvöll á Neskaupstað og á Fellavelli, sem og knattspyrnuhúsið á Reyðarfirði þar sem unnið er að því að leggja nýtt þak. Annars eru ýmis verkefni í gangi á Austurlandi að sögn Guðmundar. Þorsteinn Haukur Harðarson (Vesturland) tók einnig undir orð Trausta og Guðmundar varðandi dag og tíma fyrir Hæfileikamótun. Þá hvatti hann stjórn KSÍ til að halda áfram að styðja félögin í viðleitni þeirra til að fá sem besta aðstöðu fyrir sína iðkendur og sína starfsemi, betri mannvirki og annað þar sem sækja þarf á sveitarfélögin.

5. Ársþing KSÍ

- a. Eysteinn P. Lárusson framkvæmdastjóri fór yfir ýmis mál tengd komandi ársþingi og skipulagi þess, m.a. breytingar á skipan ýmissa nefnda.
- b. Rætt um viðurkenningar og heiðranir á komandi ársþingi. Halldór Breiðfjörð Jóhannsson fer fyrir starfshópi um heiðursviðurkenningar og hópnum hafa borist nokkrar tilnefningar. Lagt er til að silfurmerki verði veitt Margréti Elíasdóttur, sem hefur starfað fyrir KSÍ um langt skeið, auk þess að gegna sjálfboðaliðastörfum fyrir sín félög. Lagt til að Gunnar Guðmundsson og Helgi R. Magnússon sem báðir hafa setið í aga- og úrskurðarnefnd um áratugaskeið, verði sæmdir heiðurskrossi KSÍ. *Stjórn KSÍ samþykkti tillögurnar. Þá samþykkti stjórnin (fyrir fundinn og án vitundar Unnars) að veita Unnari Stefáni Sigurðssyni stjórnarmanni silfurmerki fyrir hans störf.*

6. Önnur mál

- a. Ingi Sigurðsson varaformaður ræddi um ferðasjóð íþróttafélaga, framlag ríkisins í sjóðinn og aukinn ferðakostnað félaga. Ingi lagði til að stjórn KSÍ myndi leggja fram til samþykktar á komandi ársþingi KSÍ áskorun til stjórnvalda um að hækka framlag ríkissjóðs til ferðasjóðs íþróttafélaga strax á árinu 2025. Stjórnarmenn tóku til máls, fögnuðu tillögu Inga og ræddu útfærslu og orðalag áskorunarinnar. *Stjórn KSÍ samþykkti tillöguna með breytingum.*
- b. Formaður þakkaði stjórnarmönnum kærlega fyrir störf þeirra á tímabilinu og færði tveimur fráfarandi stjórnarmönnum blómvendi, Unnari Stefáni Sigurðssyni og Jóni Rúnari Halldórssyni. Auk þeirra Unnars og Jóns er Orri Vignir Hlökkversson einnig að hætta í stjórn.

Fundi slitið kl. 16:00.

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næsti fundur verður boðaður að loknu ársþingi KSÍ, sem verður haldið laugardaginn 22. febrúar.

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynsdóttir Hafberg

Unnar Stefán Sigurðsson

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sigrún Ríkharðsdóttir

Jón Sigurður Pétursson

Undirritunarsíða

Jón Rúnar Halldórsson

Trausti Hjaltason

Þorsteinn Haukur Harðarson

Guðmundur Björnsson Hafþórsson

Eysteinn Pétur Lárusson